

Alþingi
Erindi nr. P 136/915
komudagur 23.2.2009



Reykjavík, 23. feb. 2009

Frá Sjálfstæðu leikhúsunum, bandalagi atvinnuleikhópa (SL)
Lindargötu 6
101 Reykjavík.

Umsögn SL um tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu þskj. 248 – 198. mál.

SL vill þakka menntamálanefnd fyrir að fá tækifæri til að koma með athugasemdir við tillögu um íslenska málstefnu. Athugasemdin á við um kaflann „ÍSLENSKA Í LISTUM“ þar sem fjallað er um *leiklist*.

Skrifstofa SL hefur verið starfrækt frá 2003 og er megin markmið hennar að sjá um hagsmunagæslu og samhæfingu sjálfstæðra atvinnuleikhópa ásamt því að standa fyrir stefnumótun og kynningarstarfsemi. SL sér um söfnun tölulegra upplýsinga fyrir Hagstofu Íslands þar sem m.a. koma fram upplýsingar um fjölda nýrra íslenskra verka á vegum sjálfstæðra atvinnuleikhópa.

Í kaflanum um „Íslensku í listum“ er lítillega fjallað um hlutverk leiklistar í verndun og viðhaldi tungumálsins. Þar er talað um að efla þurfi íslenska leikritun og nefndir eru tveir nýstofnaðir sjóðir hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Þjóðleikhúsinu. Þar er þó ekki minnst á að sjálfstæðu atvinnuleikhóparnir hafa í gegnum árin verið einn öflugasti vettvangur nýrrar leikritunar og frumsköpunar í íslenskri leiklist. Það er nauðsynlegt að sá mikilvægi þáttur sé viðurkenndur af stjórnvöldum.

Á milli 70% og 85% árlegra uppsetninga sjálfstæðra atvinnuleikhópa eru ný íslensk verk, en leikárið 2005 – 06 voru 44 ný íslensk verk á vegum sjálfstæðra atvinnuleikhópa og leikárið þar á eftir voru þau 70. Stór hluti sýninga á vegum sjálfstæðra atvinnuleikhópa eru sýningar fyrir börn og ungt fólk. Einn angi atvinnuleikhópa sérhæfir sig í farandleiksýningum sem ferðast milli skóla, leikskóla, elliheimila og félagsmiðstöðva um allt land, og óhætt er að segja að í einhverjum tilfellum eru þær sýningar fyrstu kynni barna af atvinnuleikhúsi.

Stefna leiklistarráðs sem starfar samkvæmt leiklistarlögum frá árinu 1998 er að úthluta styrkjum nær eingöngu til nýrra íslenskra verka eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Úthlutanir leiklistarráðs 2004-2008		
	%	Fjöldi:
Íslensk sviðsverk	47%	24
Verkefni að eigin vali	6%	3
Dansverk	8%	4
Barnaverk	23%	12
Hátíðir	10%	5
Erlend sviðsverk	6%	3
Samtals:	100%	51

Með fjölgun háskólamenntaðra sviðslistamanna hefur krafan um fjárstuðning við sjálfstætt starfandi atvinnuleikhópa orðið háværari. Ráðandi stjórn málaöfl samtímans hafa stefnumótandi hlutverk til framtíðar. Hvert skref sem tekið er hefur áhrif á menningu samtímans um ókomna tíð.

Menningarstefna Vesturlanda á 20. öld hefur lagt kröfu á valda- og fræðimenn samtímans að þjóna ákveðnu uppeldisgildi. Þannig er framsetning menningar ekki einungis borin á borð í lokuðum rýmum stofnana heldur líka á torgum samfélagsins. Hlutverk stjórnvalda er að skapa öllu sviðslistaumhverfinu á Íslandi tækifæri og grundvöll til að þjóða upp á fjölbreytta framsetningu listviðburða sem ná til allra þegna samfélagsins.

Eitt af mikilvægum þáttum við að efla og styrkja sjálfstætt starfandi sviðslistafólks er að viðurkenna mikilvægi þess til verndunar, þróunar og eflingar íslenskrar tungu og stofna til sérstaks Sviðslistasjóðs í lögum um listamannalaun. Þar með skapast tækifæri til enn markvissari þróunar og eflingar íslenskrar tungu.

SL þykir brýnt að starf atvinnuleikhópanna sé metið að verðleikum af stjórnvöldum og viðurkennt fyrir það mikilvæga hlutverk sem þeir nú þegar sinna og lagt er til að sinnt sé í tillögum að íslenskrí málstefnu.

Virðingarfyllst,

Aino Freyja Järvelä
Formaður SL